

**Nr. 026 / 14 Keilir SI 145*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 1420  
*Smíðaður:* Stykkishólmur 1975, eik  
*Stærð:* 50 brl. 52 bt.  
*Mesta lengd:* 20,73 m *Skráð lengd:* 18,69 m  
*Breidd:* 5,14 m *Dýpt:* 2,43 m  
*Vél:* Caterpillar 375 kW, 1986  
*Fjöldi skipverja:* 6



Keilir©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
*Lögregluskýrsla*  
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 1. apríl 2014 var Keilir SI 145 á netaveiðum út af Sandgerði. Veður: ANA 3-5 m/s. (*Garðskagi kl. 10:00*)

Skipverjar voru að draga netin en þegar rúllumaðurinn ætlaði að koma blýteininum undir flotteininn og inn á dráttarskífuna flæktist netariðillinn um hægri hendi hans. Höndin klemmdist undir teinunum og fór hring um skífuna áður en hann gat stöðvað vinduna.

Siglt var með slasaða til Njarðvíkur en hann var fingurbrotinn.

***Við rannsókn kom fram:***

- að dráttarspilið stendur tiltölulega lágt og því gat slasaði lyft handleggnum yfir það eftir að hann festist þar til höndin koma út hinu megin.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.